

Pingeyjarsveit  
Anna Bragadóttir  
Kjarna  
650 Laugar

Reykjavík, 24. maí 2024  
UST202405-138/A.B.  
10.04.03

## Efni: Breyting - Deiliskipulag þéttbýli í Reykjahlíð - Lóð fyrir dreifistöð rafveitu við Hraunveg - Pingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Pingeyjarsveit er barst 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi þéttbýlis í Reykjahlíð vegna nýrrar lóðar fyrir dreifistöð rafveitu við Hraunveg.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina nýja lóð við suðausturhorn Hraunvegur 10 fyrir spennistöð.

### Mývatn

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Í 2. mgr. 3. gr. laganna og 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir: „Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.“

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um breytinguna, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á skipulagsáætlunina í framangreindum skilningi. Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 3. gr. laga nr. 97/2004 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

Í greinargerð kemur fram að breytingin er á þegar röskuðu landi og mun hún ekki hafa áhrif á jarðmyndanir.

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreint að mikilvægt er að raska ekki hrauni.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***